



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent inn í samráðsgátt.

Reykjavík, 13. mars 2020

Efni: Umsókn um drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands (mál nr. 39/2020).

Tilv. 202003-0003

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 14. febrúar sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um ofangreint mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni draganna og setja fram eftirfarandi ábendingar. Eftir því sem við á vísast til umsagnar Bændasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (mál nr. 34/2020 í samráðsgátt)

1. Almenn

Lengi hefur verið kallað eftir stefnu stjórnvalda um vernd landbúnaðarlands eða ræktarlands. Skýrslur hafa verið gefnar út um málið og hafa Bændasamtökin komið að þeirri vinnu beint auk þess sem Búnaðarþing hefur ítrekað ályktað um málið. Af þeim ástæðum hefðu samtökin viljað koma að vinnu við þessa reglugerð á fyrri stigum

Að því sögðu telja samtökin að reglugerðin sé jákvætt skref til að vernda þá dýrmætu samfélagslegu auðlind sem gott landbúnaðarland er. Bændasamtökin styðja það sem lagt er til í reglugerðinni um flokkun landbúnaðarlands og telja jákvætt að öllum sveitarfélögum verði við endurskoðun aðalskipulags gert að leitast við að flokka allt land sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

2. Lausn úr landbúnaðarnotum


Í 2. gr. reglugerðardraganna er að finna ákvæði um að stjórnslá við ákvörðun um lausn úr landbúnaðarnotum skuli vera í höndum landbúnaðarráðuneytis, líkt og kveðið er á um 6. gr. gildandi jarðalaga. Bændasamtökin telja að sveitarstjórnir séu betur til þess fallnar að annast það verkefni en ráðuneytið skuli hafa það hlutverk að samþykkja landskipti, sbr. 3. gr. Einnig er gott og eðlilegt að ráðuneytið gefi út skýrar leiðbeiningar með viðmiðum þar sem fram kemur hvaða sjónarmið skal hafa að leiðarljósi við afgreiðslu beiðna um lausn úr landbúnaðarnotum, sbr. 4. g 5. gr. reglugerðardraganna. Í þessu sambandi er einnig rétt að vísa til áður nefndrar umsagnar samtakanna um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna þar sem samtökin leggja áherslu á að ákvörðunarvald og rannsókn verði á hendi sveitarfélaganna, sbr. 12. gr. þess frumvarps um lausn úr landbúnaðarnotum.

Verði stjórnslá við lausn úr landbúnaðarnotum í höndum ráðuneytisins telja samtökin rétt að kveðið verði á um það í 4. gr. að sveitarstjórnir geti í umsögn sínum til þess lagt til skilyrði fyrir samþykki ráðuneytisins.



3. Lokaorð

Þar sem fyrir liggur að reglugerðardrögin eru nátengd fyrirnefndu frumvarp um eignarráð og nýtingum fasteigna má búast við að breytingar á því hafi áhrif á fyrirliggjandi drög. Bændasamtökin gera kröfu um að verða þátttakandi í samráði um frekari útfærslu reglugerðarinnar enda eru bændur stærstu aðilar málsins, verandi eigendur eða vörslumenn þess landbúnaðarlands sem hér er að finna.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

Viðauki

Ályktun búnaðarþings 2016 um verndun ræktunarlands

Verndun ræktunarlands

Markmið: Að unnar verði viðmiðunarreglur um gott ræktanlegt land.

Leiðir: Skipulagsstofnun móti viðmiðunarreglur í samvinnu við þar til bæra aðila. Markvisst verði unnið að því á landsvísu í gegnum aðalskipulag sveitarfélaga að gott ræktanlegt land sé varðveitt.

Framgangur: Stjórn BÍ taki málið upp við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga og óski eftir að settar verði viðmiðunarreglur um hvað teljist vera gott ræktanlegt land.